



**Leiðbeinandi tilmæli  
nr. 3/2004**

**Leiðbeinandi tilmæli um útdrætti úr útboðslýsingum verðbréfasjóða**

**Ekki í gildi**

**30. desember 2004**

## I. Inngangur

### a) Almenn.

Þann 27. apríl 2004 gaf framkvæmdastjórn ESB út leiðbeiningar 2004/384/EC, um efnisinnihald nokkurra atriða sem eiga að vera í útdráttum úr útboðslýsingum fyrir verðbréfasjóði (e. Commission Recommendation on some contents of the simplified prospectus as provided for in schedule C in annex I to Council Directive 85/611/EEC).

Unnið var að framangreindum leiðbeiningum á vettvangi UCITS Contact Committee, nefndar á vegum framkvæmdastjórnarinnar, sem sett var á laggirnar samkvæmt tilskipun 85/611/EEC. Hefur sú nefnd nú lokið störfum en unnið verður að málefnum verðbréfasjóða innan CESR, Committee of European Securities Regulators.

Framangreind tilskipun Evrópusambandsins um verðbréfasjóði (UCITS – Undertakings for collective investment in transferable securities) innihélt ákvæði um útboðslýsingar sem verðbréfasjóðir skyldu gefa út. Var tilskipunin innleidd með lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, með síðari breytingum. Með breytingartilskipun nr. 2001/107/EB voru jafnframt tekin upp í tilskipunina ákvæði um svokallaða útdrætti úr útboðslýsingum (e. simplified prospectus). Hefur framangreind breytingartilskipun m.a. verið innleidd með ákvæðum laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði og reglugerð nr. 792/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

**Ekki í gildi**

Markmið með útdrætti úr útboðslýsingu verðbréfasjóðs er einkum að efla neytendavernd og veita fjárfestum skýrar upplýsingar um öll mikilvægustu atriði sem þeim ætti að vera kunnugt um áður en fjárfest er í verðbréfasjóði. Á útdráttur úr útboðslýsingu að vera auðskiljanlegur almennum fjárfestum.

Útdrætti úr útboðslýsingu verðbréfasjóðs er jafnframt ætlað að greiða fyrir markaðssetningu hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða milli landa innan Evrópska efnahagssvæðisins og að honum sé beitt sem samræmdu markaðssetningartæki innan svæðisins. Þannig sé móttökuríki t.d. ekki heimilt að gera frekari kröfur til útdráttar heldur en gerðar eru í heimaríki að öðru leyti en með kröfum um þýðingar.

Til að ná greindum markmiðum um neytendavernd var talið nauðsynlegt innan UCITS Contact Committee og framkvæmdastjórnar ESB að skýra og skilgreina innihald og framsetningu á helstu atriðum sem eiga að koma fram í útdrætti úr útboðslýsingu verðbréfasjóðs. Í tilskipun 2001/107/EB er einungis að finna upptalningu á þeim atriðum án frekari efnislegra skilgreininga. Var því talið nauðsynlegt að setja framangreindar leiðbeiningar til að ná fram samræmdri framkvæmd á Evrópska efnahagssvæðinu.

Tekið skal fram að með hliðsjón af neytendavernd er bæði nauðsynlegt og eðlilegt að samræmdar reglur gildi um birtingu fyrri árangur verðbréfasjóða hvort heldur sem um útboðslýsingar er að ræða eða auglýsingar og annað kynningarefni. Mun Fjármálaeftirlitið birta umræðuskjal

sem drög að leiðbeinandi tilmælum þar sem nánar verður fjallað um birtingu fyrri árangurs í auglýsingum og öðru kynningarefni, byggt á þeim grunni sem kemur fram í 4. lið í kafla III. A.

*b) Innleiðing leiðbeininganna.*

Meðlimir UCITS Contact Committee, þ.m.t. Fjármálaeftirlitið, hafa skuldbundið sig til að innleiða tilvitnaðar leiðbeiningar framkvæmdastjórnarinnar, sé slíkt innan heimilda viðkomandi eftirlits, en að öðrum kosti að stuðla að því að þær verði innleiddar í aðildarríkinu. Þá hafa EFTA ríkin ákveðið að leiðbeiningarnar skuli falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og eru þær í ferli um að vera teknar upp í samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.

Á grundvelli framangreinds gefur Fjármálaeftirlitið út leiðbeinandi tilmæli um efnisinnihald útdráttá úr útboðslýsingum sbr. heimild 8. gr. laga nr. 87/1998.

Fjármálaeftirlitið vekur athygli á því að þar sem um útdrátt úr útboðslýsingu verðbréfasjóðs er að ræða verður jafnframt að gera þá kröfu að sjálfar útboðslýsingar verðbréfasjóða verði uppfærðar til samræmis við þær kröfur sem hér koma fram. Jafnframt er ljóst að í einhverjum tilvikum, t.d. í umfjöllun um áhættu, leiðir af eðli máls að mun fyllri og ítarlegri umfjöllunar er þörf í útboðslýsingu heldur en útdrætti úr útboðslýsingu. Fjármálaeftirlitið beinir því til rekstrarfélaga verðbréfasjóða að huga sérstaklega að því.

Fjármálaeftirlitið tekur fram að með hliðsjón af 52. gr. laga nr. 30/2003 nær umræðuskjal þetta jafnframt til fjárfestingarsjóða samkvæmt lögum, sbr. jafnframt 1. gr. reglugerðar nr. 792/2003.

Fjármálaeftirlitið fer fram á að rekstrarfélög verðbréfasjóða uppfæri gildandi útdrætti úr útboðslýsingum með hliðsjón af þessum leiðbeinandi tilmælum og sendi Fjármálaeftirlitinu fyrir 1. mars 2005.

*c) Umsagnir hagsmunaaðila.*

Þann 12. júlí 2004 birti Fjármálaeftirlitið umræðuskjal nr. 2/2004, drög að leiðbeinandi tilmælum um efnisinnihald útdráttá úr útboðslýsingum. Skjalið var sent rekstrarfélögum verðbréfasjóða og öðrum hagsmunaaðilum til umsagnar. Einungis Samtök banka og verðbréfafyrirtækja sendu inn umsögn þar sem sjónarmiðum samtakanna var komið á framfæri.

Hefur verið tekið tillit til sjónarmiða samtakanna að nokkru leyti, m.a. varðandi orðalag og að hluta hefur verið tekið tillit til sjónarmiða varðandi birtingu fyrri árangurs og birtingu viðmiða.

## **II. Meginefni leiðbeininga um útdrætti úr útboðslýsingum verðbréfasjóða.**

Þau meginatriði sem útdráttur úr útboðslýsingu á að fela í sér samkvæmt leiðbeiningum framkvæmdastjórnarinnar eru eftirfarandi:

i) Lýsing á fjárfestingarstefnu verðbréfasjóðs ætti að upplýsa fjárfesti um þau fjárfestingarmarkmið sem sjóður hyggst ná. Þarf útdráttur úr útboðslýsingu því að fela í sér viðeigandi lýsingu á markmiðum með fjárfestingum, upplýsingum um vísitölubindingu og upplýsingum um allar ábyrgðir sem þriðju aðilar hafa boðið fram til að verja fjárfesta gegn tapi, t.d. höfuðstólstrygging.

ii) Lýsing á fjárfestingarstefnu ætti að gera almennum fjárfesti kleift að skilja hvernig og með hvaða hætti eigi að ná fjárfestingarmarkmiðum og athygli fjárfesta sé vakin á viðeigandi einkennum þess verðbréfasjóðs sem um ræðir. Þurfa því að koma fram þær tegundir fjármálagerna sem fjárfest er í, aðferðafræði sjóðastýringar, m.a. með því að vekja athygli á öllum þeim áhættuþáttum sem skipta máli, og gerð sé grein fyrir viðeigandi einkennum þeirra skuldabréfa sem fjárfest er í. Jafnframt þurfa að koma fram fullnægjandi upplýsingar um afleiðusamninga, einkenni sjóðastýringar og þeirri aðferð sem er beitt er til að endurspegla vísitölu þegar um vísitölusjóð er að ræða.

iii) Með hliðsjón af 2., 3. og 4. mgr. 48. gr. laga nr. 30/2003 á almennur fjárfestir að geta skilið áhættustig sjóðs og vera nægjanlega upplýstur um viðeigandi áhættuþætti. Það er því nauðsynlegt að útdráttur úr útboðslýsingu feli í sér stutta og skýra efnislega lýsingu á öllum þeim áhættuþáttum sem átt geta við um tiltekinn sjóð.

iv) Til að koma í veg fyrir misvísandi upplýsingar til fjárfesta um fyrri frammistöðu sjóðs og til að stuðla að raunhæfum samanburði verðbréfasjóða innan EES er nauðsynlegt að skilgreina hvernig fyrri frammistaða sjóðs skuli sett fram.

v) Í útdrætti úr útboðslýsingu skulu vera upplýsingar um skattlagningu fjárfestis héraðs. Auk þess þarf að koma fram viðvörðun um að frekari skattlagning kunni að eiga við einstaka fjárfesta, t.d. erlenda, með hliðsjón af þeim reglum sem kunna að eiga við um þá í hverju og einu tilviki.

vi) Með það að markmiði að tryggja skilvirka neytendavernd og auka traust fjárfesta á verðbréfasjóðum er nauðsynlegt að útdráttur úr útboðslýsingu taki til alls þess kostnaðar sem fjárfestar bera í tengslum við fjárfestingu sína. Því er nauðsynlegt að birta heildarkostnaðarhlutfall (HKH) sjóðs sem vísbendingu um allan rekstrarkostnað sjóðs. Er útreikningur heildarkostnaðarhlutfalls skilgreindur í umræðuskjalinu.

Jafnframt er nauðsynlegt að sýna sérstaklega kostnað eins og kaup- og sölubókun og annan kostnað sem greiddur er beint af fjárfesti þar sem slíkur kostnaður felst ekki í heildarkostnaðarhlutfalli, eins og það er skilgreint, auk alls annars kostnaðar sem felst ekki í heildarkostnaðarhlutfalli, s.s. viðskiptakostnað.

Einnig er nauðsynlegt að birta veltuhlutfall verðbréfasafns, reiknað á staðlaðan hátt, sem vísbendingu um viðskiptakostnað.

vii) Í ljósi þess að um mismunandi venjur er að ræða innan EES um tekjuskiptingar samninga (e. fee-sharing agreements) og viðbótargreiðslur (e. soft commissions) er eðlilegt að fjárfestar hafi vitneskju um slíka samninga, sé um slíkt að ræða. Til að auka gegnsæi fyrir fjárfesta er því nauðsynlegt að útdráttur úr útboðslýsingu geri grein fyrir tilvist þeirra og vísi til útboðslýsingarinnar

sjálfrar um fyllri upplýsingar sem eiga m.a. að gera fjárfestum kleift að skilja til hverra slíkar greiðslur fara og hvort mögulegir hagsmunaárekstrar séu leystir með hagsmuni þeirra í huga.

### III. Efnisinnihald útdráttar úr útboðslýsingum verðbréfasjóða.

Þær upplýsingar sem eiga að koma fram í útdráttum úr útboðslýsingum verðbréfasjóða er að finna í 21. gr. reglugerðar nr. 792/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

Er framsetning reglugerðarinnar á þann veg að í 2. mgr. 21. gr. eru fimm liðir þar sem í hverjum lið er tilgreint í nokkrum töluliðum hvað koma eigi fram undir hverjum lið. Leiðbeiningar framkvæmdastjórnarinnar taka hins vegar ekki til allra liðanna, eða allra töluliða þar undir, heldur einungis til þeirra liða og töluliða sem sérstaklega var talið nauðsynlegt að skýra frekar. Nánar tiltekið er annars vegar um að ræða liðinn “Upplýsingar um fjárfestingar” og hins vegar liðinn “Fjárhagslegar upplýsingar”. Tekur umfjöllun hér á eftir mið af því.

#### A. Upplýsingar um fjárfestingar.

1. Í 1. tölul. – *stutt skilgreining á markmiðum sjóðsins* – þurfa eftirfarandi upplýsingar að koma fram:

- a) Stutt og hnitmiðuð lýsing á þeim markmiðum sem stefnt er að með sérhverri fjárfestingu í sjóðnum.
- b) Taka þarf skýrt fram ef ábyrgðir eru boðnar fram af 3. aðila, til að verja fjárfesta, og allar takmarkanir slíkra ábyrgða.
- c) Þar sem við á skal vera yfirlýsing um að sjóðurinn endurspegli vísitölu og að vísitalan sé nægjanlega tilgreind þannig að fjárfestar geti þekkt vísitöluna og skilið hvaða aðferðafræði er beitt til að endurspeglja hana.

2. Í 2. tölul. – *fjárfestingarstefna* – þurfa eftirfarandi upplýsingar að koma fram, eftir því sem við á:

- a) Tilgreina skal þær megingundir fjármálagerninga sem sjóðurinn hyggst fjárfesta í.
- b) Tiltaka skal ef sjóðurinn hefur sérstaka aðferðafræði í tengslum við tilteknar atvinnugreinar, landfræðilega afmörkun eða önnur markaðssvæði eða sérstakan flokk af eignum, t.d. fjárfestingar í fjármálagerningum nýmarkaða.
- c) Koma skal fram, þar sem við á, viðvörðun um að þó eignasafn sjóðs þurfi að uppfylla tiltekin almenn skilyrði og takmarkanir í lögum og reglum sjóðs geti frekari samþjöppun áhættu komið til vegna tiltekinna þrengri eignaflokka, atvinnugreina og landræðilegra markaða.
- d) Sjóður sem fjárfestir í skuldabréfum þarf að tiltaka hvort þau séu gefin út af fyrirtækjum eða hinu opinbera, líftíma þeirra og lánshæfismat þeirra.
- e) Vegna afleiðunotkunar sjóðs þarf að tilgreina hvort hún sé í því skyni að ná fjárfestingarmarkmiðum eða einungis til að verja stöðu.
- f) Tilgreina skal hvort aðferðafræði sjóðastýringar feli í sér skýrskotun til viðmiðs og sérstaklega skal tilgreina hvort sjóður hafi að markmiði endurspeglun vísitölu og að hvaða marki það sé gert.

- g) Hvort aðferðafræði sjóðastýringar byggist á markvissri eignaráðstöfun (e. tactical asset allocation) með tíðri aðlögun eignasamsetningar.

Heimilt er að setja fram í einu lagi þær upplýsingar sem felast í 1. og 2. hér að framan að því gefnu að slíkt dragi ekki úr skilningi fjárfesta á fjárfestingarmarkmiðum og fjárfestingarstefnu sjóðs. Víkja má frá uppröðun framangreindra liða ef fjárfestingarmarkmið og fjárfestingarstefna tiltekins sjóðs er þess eðlis að þau verði betur skýrð með því móti.

3. Í 2. tölul. – *stutt greinargerð um áhættustig sjóðs* – þurfa eftirfarandi upplýsingar að koma fram:

3.1. Yfirlýsingar og skriflegar lýsingar.

- a) Yfirlýsing þess efnis að virði fjárfestinga geti lækkað jafnt sem hækkað og að fjárfestar kunni að fá minna til baka heldur en upphaflega var fjárfest fyrir.
- b) Yfirlýsing þess efnis að fyllri lýsing um alla þá áhættuþætti sem vikið er að í útdrættinum sé að finna í útboðslýsingunni sjálfri.
- c) Efnisleg lýsing á hverjum þeim áhættuþáttum sem fjárfestir stendur frammi fyrir í tengslum við fjárfestinguna, en einungis í þeim tilvikum þar sem slík áhætta er raunveruleg og viðeigandi, byggð á áhættumati og líkindum (e. based on risk impact and probability).

3.2. Efnisleg lýsing á áhættuþáttum. **Ekki í gildi**

3.2.1. Tilteknir áhættuþættir.

Lýsingin sem vísað er til í c. lið í 3.1. ætti að fela í sér stutta og skýra útskýringu á hverjum þeim sérstöku áhættuþáttum sem felast í tiltekinni fjárfestingarstefnu eða aðferðafræði eða áhættuþáttum tiltekinna markaða eða eigna sem tengist sjóðnum svo sem.:

- a) Áhættan að markaðsverð eignaflokks lækki og hafi þar með áhrif á verð og verðmæti eignanna (markaðsáhætta).
- b) Áhættan að útgefandi eða mótaðili greiði ekki á gjalddaga (greiðsluáhætta).
- c) Áhættan að greiðsla í greiðslukerfi gerist ekki með sama hætti og var vænst vegna þess að mótaðili greiði eða afhendi ekki á réttum tíma (uppgjörsáhætta).
- d) Áhættan að eign seljist ekki tímanlega á ásættanlegu verði (lausafjáraáhætta).
- e) Áhættan að verðmæti fjárfestingar muni verða fyrir áhrifum af breytingum á gengi (gengis-/gjaldmiðlaáhætta).
- f) Áhættan sem fólgin er í því að eignir í vörslu geti tapast vegna gjaldþrots, vanrækslu eða sviksamlegra athafna af hálfu vörsluaðila (vörsluáhætta).
- g) Áhættan tengd samþjöppun eigna eða markaða.

### 3.2.2. Almennir áhættuþættir.

Lýsingin sem vísað er til í c. lið í 3.1. ætti einnig að fela í sér, þar sem við á, að eftirfarandi áhættuþættir geti haft áhrif á sjóðinn:

- a) Frammistöðuáhætta, þar með talin breytileiki áhættustigs vegna vals einstakra sjóða og tilvist, skortur eða takmarkanir á ábyrgðum sem gefnar eru út af þriðja aðila.
- b) Áhætta höfuðstóls, að meðtalinni áhættu skerðingar vegna úttekta, ógildingar eininga og útgreiðslur umfram ávöxtun.
- c) Áhætta á að ábyrgð þriðja aðila á sjóðnum gangi ekki eftir, þar sem fjárfesting í sjóðnum krefst beinnar fjárfestingar í þriðja aðila frekar en í eignum sjóðsins í vörslu þriðja aðila.
- d) Óbreytanleiki, bæði vegna sjóðs (s.s. uppsagnarákvæði í ábyrgðum þriðja aðila) og takmarkanir á því að hægt sé að færa sig á milli ábyrgðaraðila.
- e) Verðbólguáhætta.
- f) Skortur á vissu um að ytri aðstæður s.s. skattareglur verði óbreyttar til framtíðar.

### 3.2.3. Forgangsröðun áhættuþátta.

Til þess að endurspegla áhættu viðkomandi sjóðs sérstaklega skal raða þeim áhættuþáttum sem tilgreindir eru á grundvelli mikilvægis og þess hversu raunveruleg áhættan er fyrir þann tiltekna sjóð.

### 3.2.4. Viðbótarbirting tölfraðilegs mælikvarða áhættu.

**Ekki í gildi**

Heimilt er þegar sjóður hefur verið starfræktur í að a.m.k. eitt ár, að efnislegri lýsingu sem vísað er til í c. lið í 3.1., fylgi tölfraðilegur mælikvarði áhættu með einni tölu eða orði, byggða á verðbreytileika sjóðs þar sem<sup>1</sup>:

- a) Verðbreytileiki verðbréfasjóðs er mælistika á dreifni ávöxtunar verðbréfasafns.
- b) Ávöxtun verðbréfasjóðs er reiknuð með því að taka með í reikninginn innlausnarvirði verðbréfasjóðs eins og það er reiknað skv. 28. gr. laga nr. 30/2003, t.d. daglegt gengi þar sem gengi sjóðs er birt daglega.

Í viðauka II. er að finna nánari formúlu samkvæmt framangreindu.

4. Í 3. tölul. – *fyrri árangur sjóðsins og viðvörun um að ekki megi álykta út frá henni um árangur hans í framtíðinni* – þurfa eftirfarandi upplýsingar að koma fram eftir því sem við á:

#### 4.1. Birting fyrri árangurs.

- a) Fyrri árangur sjóðs, sýndur á súluriti sem sýnir árlega ávöxtun fyrir síðustu 10 ár. Ef sjóður hefur ekki verið starfræktur í 10 ár en a.m.k. í 1 ár skal sýna árlega ávöxtun, eftir

---

<sup>1</sup> Áréttað skal að ekki er skylt að birta upplýsingar skv. þessum lið en sé það gert þá skal byggja á þeim grundvelli sem hér kemur fram.

skatta og gjöld, fyrir eins mörg ár og eru tiltæk<sup>2</sup>. Af framangreindu leiðir að hafi sjóður ekki verið starfræktur í a.m.k. eitt heilt ár, er ekki heimilt að birta ávöxtun hans.

- b) Ef sjóður miðar árangur sinn við viðmið, eða ef tekin er frammistöðubóknun sem veltur á viðmiði, skulu upplýsingar um fyrri árangur sjóðs fela í sér samanburð við fyrri árangur viðmiðsins sem sjóðurinn miðar ávöxtun sína við, eða sem frammistöðubóknunin er reiknuð út frá. Sýna skal fyrri árangur viðmiðsins á sama súluriti og ávöxtun sjóðsins.

#### 4.1.1. Birting uppsafnaðs (meðaltals) árangurs.

Til viðbótar lið 4.1. er heimilt að birta uppsafnaðan meðaltals árangur sjóðs<sup>3</sup>:

- Þar sem birtur er uppsafnaður meðaltalsárangur fyrir tiltekin tímabil, að lágmarki 3 ár. Fyrir lengri tímabil er heimilt að birta uppsafnaðan meðaltals árangur fyrir 5 ár, 10 ár og fyrir hver 5 ár þar á eftir. Ef seinni liður 4.1. á við skal jafnframt birta uppsafnaðan meðaltalsárangur viðmiðsins m.v. sömu tímabil.

#### 4.2. Meðferð áskriftar- og innlausnargjalda við birtingu árangurs.

Áskriftar- og innlausnargjöld (e. subscription and redemption fees) skulu ekki innifalin í útreikningi á árangri sjóðs. Birta skal viðeigandi yfirlýsingu ú útdráttinum, þar sem ávöxtun er birt, sem vekur athygli á þeirri staðreynd.

## B. Fjárhagslegar upplýsingar. **Ekki í gildi**

1. Í 1. tölul. – *skattalegar upplýsingar* – þurfa eftirfarandi upplýsingar að koma fram:

- a) Innlendar skattareglur sem eiga við um fjárfestingar í sjóðnum.
- b) Yfirlýsing um að frekari skattlagning kunnir að eiga við einstaka fjárfesta, t.d. erlenda, með hliðsjón af þeim reglum sem kunna að eiga við um þá í hverju og einu tilvik. Sé fjárfestir óviss um stöðu sína ætti hann að leita faglegrar ráðgjafar eða upplýsinga.

2. Í 2. og 3. tölul. – þ.e. annars vegar “*kaup og söluþóknun*” og hins vegar “*annar hugsanlegur kostnaður og skal þá greina á milli kostnaðar sem eigendur hlutdeildarskírteina eða hluta greiða og kostnaðar sem greiddur er af eignum sjóðsins*” – þurfa eftirfarandi upplýsingar að koma fram:

- a) Allar kaup- og söluþóknanir og annar kostnaður sem fjárfestir greiðir beint.
- b) Birting heildarkostnaðarhlutfalls (HKH), reiknað eins og tilgreint er í kafla C, nema í tilvikum nýrra sjóða þar sem enn er ekki hægt að reikna HKH.

<sup>2</sup> Hér er átt við skatta og gjöld sem sjóður ber en ekki fjárfestir.

<sup>3</sup> Áréttað skal að ekki er skylt að birta meðaltals árangur samkvæmt þessum lið en sé það gert þá skal það gert samkvæmt framangreindu. Ítrekað skal þó að ávallt þarf að birta árangur sjóðs samkvæmt lið 4.1. Heimild til að birta meðaltals árangurs samkvæmt framansögðu er til viðbótar við lið 4.1.



- c) Tilgreining vænts kostnaðar, þ.e. vísbendingu um allan viðeigandi kostnað, sbr. lista í kafla C, til þess að fjárfestir geti áttað sig á, eftir því sem hægt er, þeim kostnaði sem búast má við í tengslum við rekstur sjóðsins.
- d) Vísbendingu um allan annan kostnað sem felst ekki í HKH. Þar með talinn er viðskipta-kostnaður sjóðs.
- e) Velta verðbréfasafns eins og hún er reiknuð skv. viðauka I.
- f) Upplýsingar um tekjuskiptingar samninga (e. fee-sharing agreements) og viðbótargreiðslur (e. soft commissons), sé um slíkt að ræða.

Í útdrætti úr útboðslýsingu skal vísa til útboðslýsingar vegna ítarlegri upplýsinga um samninga samkvæmt f- lið í 2 hér að framan, ef um slíka samninga er að ræða. Slíkar upplýsingar eiga að gera fjárfesti kleift að skilja til hverra útgjöld eru greidd og hvernig mögulegir hagsmunaárekstrar eru leystir með tilliti til hagsmuna fjárfestis. Upplýsingar vegna þessa eiga því að vera skýrar og afmarkaðar í útdrættinum.

### 3. Tekjuskiptingar samningar og viðbótargreiðslur.

Tekjuskiptinga samningar eru m.a. samningar sem fela í sér að:

- Aðili sem fær tekjur beint eða óbeint, af eignum verðbréfasjóðs samþykkir að skipta tekjunum með öðrum aðila,
- sem leiðir til þess að hinn aðilinn greiðir kostnað af þessum tekjum sem að öllu jöfnu væru greiddar á beinan eða óbeinan hátt af eignum verðbréfasjóðs. Sem leiðir jafnframt til þess að kostnaður verðbréfasjóðs sýnist lægri en hann er án tillits til viðskiptaþóknana.

Nánar tiltekið er um að ræða:

- a) Samkomulag um þóknanageriðslu milli rekstrarfélags og verðbréfamiðlara þar sem miðlarinn samþykkir að deila með rekstrarfélaginu viðskiptaþóknun sem greidd er af verðbréfasjóði til miðlara.
- b) Samkomulag milli rekstrarfélags sjóðasjóðs og annars sjóðs, eða rekstrarfélags hans, þannig að við fjárfestingu sjóðasjóðsins í sjóðnum fari hluti af þóknunum sjóðsins sem fjárfest er í, eða rekstrarfélags hans, til rekstrarfélags sjóðasjóðsins eða tengdra aðila (með beinum hætti – áskriftar- og/eða innlausnargjöld, eða með óbeinum hætti – HKH).

Viðbótargreiðslur skal túlka sem:

- Hvern þann ávinning, að frátalinni uppgjör- og færsluþjónustu, sem rekstrarfélag, sjóðsstjórar eða tengdir aðilar fá í tengslum við greiðslur á þóknunum verðbréfasjóðs vegna viðskipta hans. Viðbótargreiðslur eru venjulega tengdir miðlurum og geta t.d. falið í sér aðgang eða afnot af upplýsingakerfum sem nauðsynleg eru vegna sjóðastýringar.

#### 4. Birting heildarkostnaðarhlutfalls og veltuhlutfalls.

Birta skal upplýsingar um heildarkostnaðarhlutfall (HKH), sbr. kafla C og veltuhlutfall verðbréfasjóðs, sbr. viðauka I. á sama stað í útdrætti úr útboðslýsingu og upplýsingar um fyrri ávöxtun.

Bent skal á að útboðslýsing og útdráttur úr útboðslýsingu skulu endurskoðuð að lágmarki einu sinni á ári, sbr. 23. gr. reglugerðar nr. 792/2003, m.a. með tilliti til framangreinds.

### C. Heildarkostnaðarhlutfall (HKH).

#### 1. Skilgreining Heildarkostnaðarhlutfalls.

Heildarkostnaðarhlutfall (HKH) verðbréfasjóðs jafngildir hlutfalli heildarrekstrarkostnaðar af hreinni meðaleignastöðu eins og það er reiknað samkvæmt þriðja tölulið.

#### 2. Innifalinn/undanskilin kostnaður.

Heildarrekstrarkostnaður felur í sér allan kostnað sem kemur til frádráttar á eignum verðbréfasjóðs. Þessi kostnaður er venjulega tilgreindur í rekstrarreikningi verðbréfasjóðs fyrir viðeigandi rekstrartímabil. Kostnaður er metinn að meðtöldum sköttum sem þýðir að heildarkostnaður (brúttó) er notaður.

Kostnaður felur í sér öll lögmæt útgjöld verðbréfasjóðsins, óháð útreikningsaðferð hans (t.d. flöt prósentuþóknun, þóknun tengd eignum, færslutengd þóknun<sup>4</sup>) s.s.

- a) Umsýslukostnaður að meðtöldum frammistöðuþóknunum.
- b) Stjórnunar og rekstrarkostnaður.
- c) Kostnaður vegna verðbréfavörslu.
- d) Endurskoðunarkostnaður.
- e) Gjöld vegna þjónustu við hlutdeildarskírteinishafa, s.s. gjöld vegna hlutdeildarskírteina-skrá og greiðslur til söluaðila vegna safnskráningar sem þar með sjá um undirbókhalds-þjónustu vegna eigenda hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóði.
- f) Greiðslur fyrir lögfræðilega þjónustu.
- g) Allan kostnað vegna dreifingar eða ógildingar hlutdeildarskírteina.
- h) Eftirlitsgjöld og skyldar greiðslur.
- i) Allar viðbótargreiðslur eða þóknanir til rekstrarfélagsins (eða þriðja aðila) vegna skipt-ingar á þóknunum í samræmi við tölul. 4.

<sup>4</sup> Ekki er um að ræða tæmandi upptalningu á útreikningsaðferðum en upptalningin byggir engu að síður á nokkrum nýlegum aðferðum sem hafa tíðkast í EES löndunum (við árslok 2003). Þessi upptalning er ekki viðurkenning á að aðferðirnar séu í samræmi við tilskipun 85/611/EB, lög, reglur eða tilmæli FME, einkum með tilliti til hagsmunaárekstra.

## 2.1. Heildarrekstrarkostnaður felur ekki í sér:

- a) Viðskiptakostnað sem verðbréfasjóður myndar með hreyfingum á eignasafni. Þar með talið gjöld vegna miðlunar, skatta og tengdar greiðslur ásamt mögulegum markaðsáhrifum hreyfingarinnar á eignasafnið, að teknu tilliti til þóknunar til miðlara og seljanleika viðkomandi eigna.
- b) Fjármögnunarkostnað.
- c) Greiðslur vegna afleiðunotkunar.
- d) Kaup/sölu þóknunar og aðrar þóknunar sem greiddar eru beint af fjárfesti.
- e) Viðbótargreiðslur í samræmi við tölul. 4.

## 3. Útreikningsaðferð og birting.

Heildarkostnaðarhlutfall skal reiknað einu sinni á ári fyrir liðið reikningsár. Jafnframt skal reikna heildarkostnaðarhlutfall samhliða birtum milliuppgjörum verðbréfasjóðs. Í útdrætti úr útboðslýsingu skal vera vísun í upplýsingaveitu (s.s. vefsíðu) þar sem fjárfestir getur nálgast upplýsingar um HKH fyrri ára/tímabila.

Hrein meðaleignastaða er reiknuð á grundvelli upplýsinga um hreinar meðaleignir sjóðs við útreikning á innlausnarvirði sjóðs, þ.e.a.s. daglegt innlausnarvirði. Ekki skal taka tillit til skattahagræðis.

Útreikningsaðferð heildarkostnaðarhlutfalls skal **Ekki í gildi** staðfest af endurskoðanda sjóðs.

## 4. Tekjuskiptingar samningar og viðbótargreiðslur.

Það leiðir af tekjuskiptingar samningum vegna gjalda sem almennt eru ekki innifalin í HKH, að rekstrarfélag (eða þriðji aðili) greiðir í raun hluta eða allan kostnað sem er ekki innifalinn í HKH.

Því skal tekið tillit til þessara greiðslna við útreikning HKH, með því að bæta við heildarrekstrarkostnað öllum þeim tekjum sem rekstrarfélagið (eða þriðji aðili) fær vegna slíkra tekjuskiptingar samninga.

Ekki er þörf á að taka tillit til tekjuskiptingar samninga vegna gjalda sem þegar eru hluti af HKH. Viðbótargreiðslur skulu ekki teljast með í útreikningi á HKH.

Af því leiðir að:

- a) Í HKH skal telja með þóknunar sem rekstrarfélag fær vegna tekjuskiptingar samninga við miðlara vegna viðskiptaþóknana og samninga við önnur rekstrarfélög vegna sjóðasjóða (ef ekki hefur þegar verið tekið tillit til þeirra í hinu reiknaða HKH eða í öðrum kostnaði sem hefur verið gjaldfærður á verðbréfasjóðinn og því með beinu móti innifalinn í HKH).

- b) Aftur á móti skal ekki taka tillit til þóknana rekstrarfélags vegna tekjuskiptingar samninga við sjóð (nema þegar þessar þóknar falla undir sjóðasjóða skilgreininguna að ofan).

#### 5. Frammistöðubóknun.

Þegar við á skal HKH fela í sér frammistöðubóknun sem skal jafnframt birta sérstaklega sem hlutfall af hreinni meðaleignastöðu.

#### 6. Sjóðasjóðir.

Ef verðbréfasjóður fjárfestir meira en 10% af hreinum eignum sínum í öðrum verðbréfasjóðum eða öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu (Non-UCITS) sem birta HKH, skal birta reiknað HKH þeirrar fjárfestingar.

Reiknað HKH jafngildir hlutfalli:

- Heildarrekstrarkostnaðar verðbréfasjóðs, eins og HKH segir til um, auk alls óbeins kostnaðar verðbréfasjóðsins vegna HKH undirliggjandi sjóða, (kostnaður undirliggjandi sjóða samkvæmt HKH veginn með hliðsjón af hlutfallslegum eignarhlutum í þessum sjóðum) auk áskriftar- og innlausnarþóknana af þessum sjóðum,
- deilt með hreinni meðaleign verðbréfasjóðsins.

**Ekki í gildi**

Eins og fram kemur hér að framan eru áskriftar- og innlausnarþóknar undirliggjandi sjóða innifalin í HKH. Ekki er heimilt að gjaldfæra þessar þóknar þegar undirliggjandi sjóðir tilheyra tengdum aðilum, sbr. 2. mgr. 50. gr. laga 30/2003.

#### 6.1. Undirliggjandi sjóðir sem birta ekki HKH.

Ef einhver hinna undirliggjandi annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu (non-UCITS) birtir ekki HKH í samræmi við þessi tilmæli, skal birtur kostnaður taka mið af eftirfarandi aðferð:

- a) Upplýsa skal um vandkvæði þess að birta reiknað HKH fyrir þann hluta fjárfestinga sjóðsins.
- b) Hámarks Umsýsluþóknun undirliggjandi sjóðs skal birt í útdrætti úr útboðslýsingu,
- c) Áætlaður heildarkostnaður, reiknaður með eftirfarandi hætti:
  - HKH skal námundað og birt að teknu tilliti til HKH fyrir undirliggjandi sjóði sem HKH er reiknað fyrir í samræmi við þessar reglur, m.t.t. hlutfallslegs eignarhluta í undirliggjandi sjóði,
  - auk þess skal bæta við, fyrir hvern undirliggjandi sjóð, áskriftar- og innlausnarþóknunum ásamt besta tiltæka mati á hæsta mögulega HKH. Matið skal innihalda hámarks umsýsluþóknun og síðustu frammistöðubóknun sjóðsins, m.t.t. hlutfallslegs eignarhluta í undirliggjandi sjóði.

## 7. Deildaskiptir sjóðir og fjölflokkasjóðir

Þegar um deildaskipta sjóði er að ræða skal reikna HKH fyrir hverja sjóðsdeild. Þegar um fjölflokkasjóði er að ræða og mismunandi HKH er fyrir hvern flokk, skal reikna og birta HKH fyrir hvern flokk.

Ennfremur skal, þegar um er að ræða mismunandi þóknanir/gjöld milli flokka, gera grein fyrir slíku fyrir hvern flokk í útdrætti úr útboðslýsingu. Jafnframt skal koma fram að viðmiðin, t.d. áskriftarfjárhæð sem slík mismunun byggist á, sé að finna í útboðslýsingunni sjálfri.

**Ekki í gildi**

**Viðauki I.****Veltuhlutfall verðbréfasafns.**

1. Velta sjóðs eða sjóðsdeildar skal reiknuð með eftirfarandi hætti:

Kaup verðbréfa = X

Sala verðbréfa = Y

Samtala 1 = Heildarvelta verðbréfa = X + Y

Verðmæti útgefina hlutdeildarskírteina/hluta = S

Verðmæti innleystra hlutdeildaskírteina/hluta = T

Samtala 2 = Heildarvelta hlutdeildarskírteina/hluta = S + T

Viðmiðun meðaltals hreinna heildareigna = M

Veltuhlutfall = [(Samtala 1 – Samtala 2)/M]\*100

2. Viðmiðun meðaltals hreinna heildareigna jafngildir meðaltali hreinna eigna samkvæmt útreikningi á innlausnarvirði reiknað með sömu tíðni og við útreikning HKH sbr. 3. tölul. í kafla C. Birt veltuhlutfall skal vera í samræmi við tímabilin sem HKH er reiknað fyrir. Í útdrætti úr útboðslýsingu skal vera tilvísun til upplýsingaveitu (s.s. vefsíðu verðbréfasjóðs) þar sem fjárfestir getur nálgast veltuhlutföll fyrri tímabila verðbréfasjóðsins.

**EKKI Í GILDI**

**Viðauki II.****Viðbótarbirting tölfræðilegs mælikvarða áhættu.**

$$\text{Meðalávöxtun}_{\text{ávöxtunartímabils}} = \bar{A} = \sum_{i=1}^F \frac{A_i}{F}$$

$$\text{Verðbreytileiki}_{\text{verðbréfasjóðs}} = \sqrt{\frac{\sum_{i=1}^F (A_i - \bar{A})^2}{F}}$$

Þar sem: F er fjöldi ávöxtunartímabila, i er teljari, R er ávöxtun ávöxtunartímabils,  $\bar{A}$  yfirstrik er meðalávöxtun ávöxtunartímabilanna.

**Ekki í gildi**